

Breiðagerðisskóli

2025 - 2026



1.

Bekkur

Efnisyfirlit

Árganganámskrá.....	3
Kennarar í árganginum.....	3
Samstarf við foreldra um félagslíf í árganginum	3
Nestis- og matarmál nemenda	4
Endurvinnsla.....	5
Í Breiðagerðisskóla er allur úrgangur flokkaður. Nemendur gegna þar stóru.....	5
Heimanám	5
Námsmat.....	5
Starfið í árganginum.....	7
Íslenska.....	7
Talað mál, hlustun og áhorf.....	8
Lestur og bókmenntir	9
Ritun	10
Málfræði	11
Heimanám	12
Stærðfræði	12
Þróunarverkefni í stærðfræði.....	13
Tölur og reikningur	14
Algebra	15
Rúmfræði og mælingar.....	15
Tölfræði og líkindi	16
Samfélagsfræði	17
Lífsleikni	18
Tölvu og upplýsingamennt.....	19
Náttúrugreinar	20
Myndmennt	22
Textílmennt	22
Hönnun og smíði	23
Tónmennt	25
Dans.....	26
Heimilisfræði.....	27
Skólaíþróttir.....	27
Sund.....	29
Útikennsla.....	29

Árganganámskrá

Í árganganámskrá 1. bekkjar kemur fram áætlun um það helsta sem nemendur árgangsins koma til með að læra á skólaárinu. Námskrá árgangsins er samin í samræmi við [Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011, Greinasvið 2013](#), stefnu Reykjavíkurborgar og stefnu Breiðagerðisskóla. Endurskoðun árganganámskráa vegna nýrra greinanámskráa er hafin en mislangt komin sjá nýja aðalnámskrá [hér](#).

Kennarar í árganginum

Axel Pétur Ólafsson	umsjónarkennari
Elín Ösp Gísladóttir	umsjónarkennari
Lára Bæhrenz Þórðardóttir	umsjónarkennari
Melissa Milovanovic	stuðningsfulltrúi
Casper Vilhelmsen	sund og íþróttir
Viktor Berg Arnarsson	íþróttir
Elinóra Kristinsdóttir	myndmennt
Steinunn Svansdóttir	textílmennt
Halla Leifsdóttir	hönnun og smíði
Hólmfríður Þorvaldsdóttir	dans
Mínerva Alfreðsdóttir	heimilisfræði
Ásdís Björg Gestsdóttir	tónmennt

Samstarf við foreldra um félagslíf í árganginum

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) kemur fram að menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla. Samstarfið snýst annars vegar um nám og velferð hvers einstaklings og hins vegar um starf í einstökum árgöngum

um nám, félags-og tómstundarstarf. Samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti og upplýsingamiðlun beggja aðila.

Foreldrafulltrúar eru valdir úr hverjum árgangi og hafa þeir skv. 4.gr. laga Foreldrafélags Breiðagerðisskóla eftirfarandi hlutverk: að starfa með stjórn foreldrafélagsins við að efla og styrkja samstarf við foreldra innbyrðis, vinna með kennurum við skipulagningu á bekkjarfundum, skemmtunum og öðrum verkefnum. Þannig er leitast við að styrkja innra starf skólans og treysta samband heimila og skóla.

Foreldrar taka þátt í jólaskemmtunum með því að koma með veitingar á sameiginlegt hlaðborð.

Nestis- og matarmál nemenda

Í Aðalnámskrá Grunnskóla kemur fram að skólar skuli stuðla að heilsusamlegu fæðuvali með fræðslu og góðu framboði á fjölbreyttum mat. Lýðheilsustöð hefur sett fram heildstæðar ábendingar um almennt matarræði skólabarna. Við skipulag og matseðlagerð fyrir Breiðagerðisskóla hafa ábendingar frá Lýðheilsustöð verið hafðar að leiðarljósi. Breiðagerðisskóli kaupir hádegismat af Skólamat. Nemendum í Breiðagerðisskóla gefst kostur á að kaupa hollan og næringarríkan hádegisverð. Starfsfólk Breiðagerðisskóla vill beina þeim tilmælum til foreldra að senda börn sín með hollt nesti í skólann. Mælst er til að ekki séu notaðar einnota drykkjarumbúðir en þess í stað notaðir drykkjarbrúsar undir drykki.

Sætindi eru eingöngu leyfð þegar við gerum okkur dagamun. Í þeim tilfellum fá foreldrar tilkynningu með tölvupósti frá kennurum.

Við viljum minna á að Breiðagerðisskóli er hnetulaus skóli.

Endurvinnsla

Í Breiðagerðisskóla er allur úrgangur flokkaður. Nemendur gegna þar stóru hlutverki. Þeir sjá um að fara með lífrænan úrgang í flokkunarstöð og flokka pappír, plast og málma í kennslustofunum. Allir árganga fá fræðslu um nauðsyn þess að flokka úrgang og þar útskýrð jákvæð áhrif flokkunar á umhverfið. Einn af grunnþáttum menntunar í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 er sjálfbærni. Algengasti skilningur á hugtakinu sjálfbærni er að við skilum umhverfinu til afkomenda okkar í ekki lakara ástandi en við tókum við því. Umhverfið og náttúran umlykja allt mannlegt samfélag. Nemendur þurfa því að þekkja, skilja og virða náttúruna. Umhverfisvernd er því dæmi um eitt úrlausnarefni sjálfbærrar þróunar og er því mikilvægt að vekja nemendur til umhugsunar um flokkun úrgangs og gefa þeim tækifæri til að vera virkir þátttakendur í því.

Heimanám

Heimanámið í 1. bekk byggir á aðstoð foreldra/forráðamanna. Það er mjög mikilvægt að sinna heimanámi vel heima fyrir. Heimalestur er a.m.k. fimm daga vikunnar, skriftaræfingar og verkefni í stærðfræði/íslensku koma heim þegar líður á veturinn.

Námsmat

Námsmat í 1. - 7. bekk er reglubundinn þáttur í skólastarfinu og er megin tilgangur þess að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið. Námsmatið er fjölbætt og verður m.a. metin þekking, samvinna, leikni og vinnubrögð ásamt frumkvæði og skapandi hugsun. Námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar og verður m.a. stuðst við kennaramat, sjálfsmat, jafningjamat og mat á einstökum verkefnum. Námsmatsviðtöl eru tvisvar á þessu skólaári, en þá ræða nemendur, foreldrar og kennarar nám nemenda og líðan þeirra í skólanum. Fyrri viðtalið er

í október og þá meta nemendur sjálfir í samvinnu við foreldra sína ýmsa þætti sem tengjast skólastarfinu og námi og skólastarfi og verður það ásamt mati kennara til umræðu á fundinum. Annað viðtalið er í lok janúar og því viðtali stýra nemendur.

Í upphafi annar setja kennarar inn námslotur fyrir hverja námsgrein. Þar koma fram þau hæfniviðmið sem stefnt er að með áætlunum, einnig markmið og leiðir hverrar greinar til að uppfylla þau hæfniviðmið.

Námsmátið byggir á símati sem felur í sér að kennarar setja öðru hvoru eftir því sem við á nýtt mat inn í Mentor. Mátið byggist alltaf að einhverju leyti á sjálfsmati nemenda þannig eru þeir þátttakendur í matinu.

Læsi í viðum skilningi er einn af grunnþáttum menntunar í Aðalnámskrá. Nemendur í 1. bekk fara í ýmis próf og kannanir. Talmeinafræðingur prófar þá nemendur sem lenda í áhættu í málþroskahlutanum, kennarar prófa þá nemendur sem lenda í áhættu varðandi stafabekkingu og sérkennari þá nemendur sem lenda í áhættu varðandi hljóðkerfisvitund. Nánari þjálfun er síðan skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Niðurstöður prófana fyrir þá nemendur sem lenda í áhættu eru kynntar fyrir foreldrum á foreldrafundum. Enn fremur er sú þjálfun kynnt sem skipulögð hefur verið og hvernig skóli og heimilin geti unnið sameiginlega að útfærslu þjálfunarinnar.

Lesfímipróf frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu eru lögð fyrir nemendur í september, janúar og maí. Einnig eru lögð fyrir stuðningspróf eftir áramót og þau endurtekin þar til viðmiðum hefur verið náð. Þessi próf auðvelda kennurum að fylgjast með framförum nemenda og leiðbeina nemendum við námið. Að auki er stafabekking nemenda könnuð og lagt fyrir annað og þriðja hefti *Læsis*. Þessi hefti kanna hljóðvitund, lestur, lesskilning og ritun.

Þess ber að geta að það er ekki starfandi talmeinafræðingur í skólanum. Sú þjónusta er í höndum talmeinafræðings hjá Norðurmiðstöð. Talmeinafræðingur kemur að ákveðnum nemendum í samráði við foreldra/forráðamenn, kennara og Norðurmiðstöð. Talmeinafræðingur

Norðurmiðstöðvar hefur einnig veitt umsjónarkennurum og stoðþjónustu ráðgjöf út frá niðurstöðum úr *Lesskimunar fyrir 1. bekk, Hljómi* (próf sem er lagt fyrir nemendur í leikskóla) og *Lesferli*.

Starfið í árganginum

Í þessum árgangi vinnum við saman sem ein heild. Kennararnir bera sameiginlega ábyrgð á öllum nemendum og koma að kennslu allra nemenda. Umsjónarkennarar hafa umsjón með ákveðnum nemendum en samskipti við foreldra/forráðamenn eru að mestu leyti sameiginleg. Árgangurinn skiptist í þrjá námshópa sem verða breytilegir yfir skólaárið. Nemendur eru einnig í minni hópum í verk- og listgreinum og sundi.

Árgangurinn fær útikennslu og vinnur saman að þemaverkefnum. Markmiðið með hópaskiptingu, útikennslu og þemaverkefnum er að auka félagsfærni nemenda, efla sjálfstæði þeirra, venja þá við að vinna með ólíkum einstaklingum og koma til móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda.

Íslenska

Markmið í íslensku er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla-Greinasvið – Íslenska.](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er notað við byrjendakennslu í lestri í 1. bekk. Byrjendalæsi byggir á samvirkum lestrarkennsluaðferðum. Móðurmálskennslan er heildstæð og vefur saman í eina heild lestur, ritun, málvísi, tal og hlustun. Unnið er með gæðatexta sem kennari les fyrir nemendur og orðaforði nemenda er styrktur með umræðum um hann. Lykilorð úr textanum er notað sem tæki til skoðunar á orðmyndun og til rannsóknar á letri, stafainnlögn, hljóðkerfisvitund, skrift o.fl. Orðaforði úr

textanum sem lesinn hefur verið, lykilorðið og ný orð sem hafa orðið til við vinnu með það eru svo nýtt áfram til umskráningar og endurtekens lesturs. Enduruppbygging getur verið í formi ritunar, endursagnar, umræðna og miðar að því að tengja texta við eigin reynslu. Mikilvægt er að vinna með lestrarkennsluna í lotum. Þátttöku nemenda má skipta í fjögur stig þ.e. sýnikennslu, þátttöku nemenda, virkni þeirra með stuðningi og sjálfstæð vinnubrögð. Til að gera kennsluna skilvirka og fjölbreytta er nauðsynlegt að nota margvíslegar kennsluaðferðir. Með því aukast líkurnar á því að kennarinn mæti þörfum allra.

Talað mál, hlustun og áhorf

Meginmarkmið

Að nemendur:

- séu hvattir til að tala skýrt og áheyrilega og kynnist þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu
- fái þjálfun við hæfi í framburði íslenskra mállhljóða
- fái þjálfun í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum og læri að hlusta á aðra og sýna kurteisi
- fái þjálfun í leikrænni tjáningu
- fái tækifæri til að ræða við bekkjarfélaga, t.d. þegar upp koma vandamál og reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu
- fái tækifæri til að segja frá eigin reynslu
- endursegi og /eða lesi eigin sögur og ljóð upphátt fyrir bekkjarfélaga sína
- fái tækifæri til að syngja algenga barnasöngva og taki þátt í fjöldasöng, m.a. sem tengjast jólum
- hlusti á fyrirmæli kennara og fari eftir þeim
- hlusti á upplestur, sögur, ævintýri og ljóð bæði sem kennari les og flutt er á annan hátt.
- hlusti á umræður bekkjarfélaga sinna

- fari í leiki sem gera kröfur um munnlega tjáningu og að hlustað sé á og farið eftir munnlegum fyrirmælum

Efnispættir

Upplstur kennara og annarra. Framsögn, söngur og framkoma.

Leiðir að markmiðum

Nemendur hlusta á upplstur á völdum sögum í tengslum við stafainnlögn og ræða efni sögunnar og einstök orð og orðasambönd. Nemendur eru þjálfaðir í því að sýna þeim sem talar virðingu með því að hlusta á þá. Nemendur eru hvattir til að rétta upp hönd og bíða eftir að röðin komi að þeim þegar þeir taka þátt í umræðum. Lögð er áhersla á að nemendur hlusti af athygli þegar þeir fá fyrirmæli um verkefni eða þeim eru sögð mikilvæg skilaboð. Nemendur taka þátt í atriði sem sýnt er á jólaskemmtun fyrir foreldra og skólasystkini.

Lestur og bókmenntir

Meginmarkmið

Að nemendur

- kynnist rími og hrynjandi, bókstöfum, orðum og setningum
- vinni með eigin frásagnir og sögur til að örva þá til lesturs
- vinni fjölbreytt verkefni við hæfi sem örva þá til lesturs
- lesi bækur við hæfi, að eigin vali og vali kennara
- vinni verkefni við hæfi sem auka orðaforða og efla les- og málskilning
- hafi greiðan aðgang að og nýti sér fjölbreytt val bóka í kennslustofu
- læri nokkrar vísur, þulur og ljóð
- geti lesið úr myndrænum upplýsingum
- kynnist þekktum íslenskum þjóðsögum
- fari á skólasafn og skoði og lesi þar bækur
- fái tækifæri til að lesa bækur sér til fróðleiks og skemmtunar miðað við lestrargetu og áhuga
- þjálfist í að ræða um bókmenntaverk sem þeir hafa hlustað á

Efnispættir

Orðaforði, bækur, sögur, ljóð, þulur, upplestur, hljóðlestur, kórlestur, umræður.

Leiðir að markmiðum

Nemendur hlusta á upplestur á völdum sögum í tengslum við stafainnlögn og ræða efni sögunnar og einstök orð og orðasambönd. Valin eru lykilorð úr hverri sögu þar sem farið er yfir hvern staf og hljóð hans. Við lykilorðavinnu er farið í hvernig stafir í orðinu eru skrifaðir. Nemendur og kennari finna í sameiningu ný orð úr stöfum lykilorðsins sem skráð eru á töflu. Einnig fá nemendur tækifæri til að vinna sjálf með stafi lykilorðs og spreyta sig í að gera sín eigin orð eftir því sem færni þeirra eykst í slíkri orðavinnu. Í byrjendalæsi er áhersla á endurtekningu og í tengslum við hana þjálfast nemendur í kórlestri og öðlast færni í honum með því að lesa sögurnar sem unnið er með í stafainnlögn. Unnið er með bókstafi og hljóð í skólastofu og heima, þar sem nemendur lesa upphátt eða segja frá því sem þeir skrifuðu í sögubók. Nýttir eru helstu þættir byrjendalæsis og hljóðaðferðarinnar. Nemendur lesa í hljóði og vinna verkefni tengd textanum eftir lestrarfærni hvers og eins. Þegar líða tekur á skólaárið fer mikið af íslensku náminu fram í gegnum stöðvavinnu þar sem lögð eru fyrir ýmiskonar verkefni tengd lestri, ritun og skrift. Nemendur lesa upphátt fyrir kennara eins oft og hægt er að koma því við. Leitast er við að nemendur fái lestrarbækur við hæfi til heimalestrar og vinni verkefni við hæfi sem auka lestrarfærni þeirra og lesskilning. Nemendur taka sérstakt lesskimunarpróf sem segir til um hvort þeir geta átt í lestrarerfiðleikum og fá viðeigandi lestrar – og málþjálfun í kjölfarið.

Ritun

Meginmarkmið

Að nemendur

- þekki skriftaráttina
- þjálfist í finhreyfingum með fjölbreyttum verkefnum
- þjálfist í að draga til stafs

- fái margs konar tækifæri til að skrifa á þann hátt sem þeir eru færir um
- semji texta við eigin myndir og annarra, skrifi sjálfir eða með aðstoð og þekki grunnþætti í uppbyggingu texta-upphaf, miðju og endi
- skrái sjálfir eða með aðstoð frásagnir um atburði úr eigin lífi
- þjálfist í að lýsa hlutum og athöfnum í rituðu máli og skrái sjálfir eða með aðstoð
- kynnist notkun söguvegar og hugtakakorta við uppbyggingu ýmiskonar texta

Efnisþættir

Stafastærð, hástafir, lágstafir, bil á milli orða, ýmsir ritunarrammar, sögugerð, fræðitexti og endursögn.

Leiðir að markmiðum

Lögð er áhersla á að nemendur dragi rétt til stafs með því að spora stafina, skrifa þá og vinna með þá í mismunandi efni.

Valin eru lykilorð úr hverri sögu þar sem farið er yfir hvern staf og hljóð hans.

Við lykilorðavinnu er farið í hvernig stafir í orðinu eru skrifaðir. Nemendur og kennari finna í sameiningu ný orð úr stöfum lykilorðsins sem skráð eru á töflu.

Einnig fá nemendur tækifæri til að vinna sjálf með stafi lykilorðs og spreyta sig í að gera sín eign orð eftir því sem færni þeirra eykst í slíkri orðavinnu. Samhliða lestri og vinnu með sögubókum þá er nemendum kynnt uppbygging á sögum (upphaf, atburðarás, endir) með notkun söguvegs og hugtakakorta sem þau síðan læra að nýta sér sjálf.

Málfræði

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að þekkja hugtökin bókstafur, sérhljóði og samhljóði, orð og málsgrein

- fái tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt t.d. með rími, hrynjanda og orðaleikjum

Efnispættir

Bókstafir og hljóð þeirra, stafrófið, orð, setningar, greinamerkið punktur, rím, sérnöfn og samnöfn.

Leiðir að markmiðum

Texti sem verið er að vinna með hverju sinni er nýttur til kennslu framangreindra þátta.

Námsgögn

Bækur sem kennari velur í tengslum við stafainnlögn, ýmis þjálfunarverkefni og verkefnablöð sem unnin eru í tengslum við byrjendalæsi, stafavísur, hljóðsögur, kennsluforrit og Markviss málörvun.

Heimanám

Heimalestur 5-7 daga vikunnar

Heimalestur felst í því að foreldrar lesa fyrir börn sín annars vegar og hlusta á þau lesa hins vegar. Tíminn sem börnin lesa fyrir foreldra eykst smátt og smátt eftir því sem lestrarfærni barnanna eykst. Börnin fá lestrarbækur við hæfi og foreldrar kvitta fyrir hlustun í þar til gerða bók.

Skriftaræfingar

Skriftaræfingar eru sendar reglulega heim. Við biðjum foreldra um að fylgjast með því að nemendur dragi rétt til stafs (eftir áramót).

Sögugerð

Nemendur vinna í sögubók af og til. Vinnan felst í því að; teikna myndir og semja sögur; skrifa sögur um myndir o.fl.. Þeir nemendur sem geta skráð textann sjálfir gera það annars þarf að aðstoða þau.

Stærðfræði

Markmið í stærðfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla-Greinasvið-Stærðfræði](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Þróunarverkefni í stærðfræði

Skólaárið 2017 - 2018 var Breiðagerðisskóli (yngra stig) þátttakandi í þróunarverkefninu í stærðfræði. Þóra Rósa Geirsdóttir frá Háskólanum á Akureyri var verkefnisstjóri. Verkefnið byggir á hugmyndafræði rússneska sálfræðingsins og uppeldisfræðingsins Zankov sem var nemandi Lev Vygotsky. Hugmyndafræðin byggir á að örva vitsmunabroska barna með stærðfræðilegum umræðum og fjölbreyttum krefjandi verkefnum. Nú er þessu þróunarverkefni lokið og Breiðagerðisskóli vinnur nú skv. þessari hugmyndafræði.

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði
- leysi stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringarmyndir

Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar

Meginmarkmið

Að nemendur

- skrái tölulegar upplýsingar um sjálfan sig
- geti notað einföld stærðfræðitákn og tengt þau við daglegt mál
- safni gögnum og skrái í súlurit
- leysi verkefni í samvinnu við skólafélaga sína
- noti mismunandi hjálpargögn við lausnir verkefna
- leysi verkefni úr daglegu umhverfi sínu þar sem þarf að leggja saman, draga frá og leggja grunn að fleiri reikniaðgerðum s.s. margföldun og deilingu

- skipti safni þar sem afgangur verður og ræði um leiðir til að skipta afganginum þannig að hann gangi upp
- kynnist víxlreglu í samlagningu, t.d. með kubbalengju
- þjálfist í að nota þekkingu sína á tölum við hugarreikning
- þjálfist í notkun stærðfræðilegra hugtaka og auki skilning sinn á þeim

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Meginmarkmið

Að nemendur

- leysi þrautir þar sem beita þarf útreikningum
- geti unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna
- leysi þrautir þar sem raða þarf hlutum og flatarmyndum
- leysi þrautir með að nota hlutbundin gögn og teikningar
- setji fram tilgátur og geri tilraunir með áþreifanlegum gögnum
- noti stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem tengjast daglegu lífi og geri sér grein fyrir verðgildi peninga
- vinni með klukku, læri að lesa af henni hvað tímanum líður og lesa stundatöflu
- vinni með tímatal, t.d. tímaröð atburða og dagatal

Tölur og reikningur

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að þekkja talnagildi og talnaröð frá 1 – 100
- læri að skrifa tölustafina
- telji hluti eða fólk
- skoði tölur á talnalínu
- leiki frjálst með vasareikna
- vinni með talnaþulur

- kynnist því hvernig einföld brot eru notuð í daglegu lífi

Algebra

Meginmarkmið

Að nemendur

- leiti að mynstrum í umhverfinu, s.s. símynstri sem endurtekningu í tíma (t.d. hljómfalli) eða rúmi
- geti spáð fyrir um framhald mynsturs
- tákni gefið mynstur með mismunandi gögnum, t.d. kubbum, litum, orðum, hljóðum eða teikningum.
- flokki rökkubba eða safn smáhluta eftir eiginleikum og rökstyðji flokkun sína

Rúmfræði og mælingar

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri heiti grunnforma (ferningur, ferhyrningur, þríhyrningur, hringur)
- þjálfist í ýmiss konar byggingarleikjum
- skoði þrívíða hluti, t.d. umbúðir, lýsi þeim, beri þá saman og flokki eftir eiginleikum, t.d. lögun, stærð eða lit
- leiti að ákveðnum formum í umhverfi sínu
- raði hlutum eftir eiginleikum
- mæli lengd hluta í umhverfinu með stöðluðum og óstöðluðum einingum
- geti rannsakað og gert tilraunir með rúmfræði á einfaldan hátt með því að nota hlutbundin gögn
- geti borið saman niðurstöður mismunandi mælinga
- geti speglað einfaldar flatarmyndir
- fari í leiki þar sem notuð eru hugtök sem tengjast staðsetningu s.s. fyrir framan, aftan, ofan, neðan, til hliðar, nálægt, norður, suður, austur, vestur

Tölfræði og líkindi

Meginmarkmið

Að nemendur

- noti áþreifanlega hluti til að gera súlurit
- taki þátt í umræðum um þær upplýsingar sem súluritin gefa. Af hverju er mest? Af hverju er minnst? Hverju munar? Hve mikið samtals?
- geti safnað gögnum í umhverfi sínu, talið flokkað og skráð og lesið úr niðurstöðum sínum

Efnispættir

Tölur 0 – 100, talning, talnaskilningur og talnaskrift, reikniaðgerðir-samlagning, frádráttur, greining, flokkun, rökkubbar og eiginleikar þeirra, form og mynstur – hliðrun - speglun, tími, sléttar tölur, oddatölur, raðtölur, mælingar, talnalína, stærri en, minni en, jafnt og, sætiskerfi, tugur – eining, þrívíð form, vasareiknir, söfnun upplýsinga, skráning, peningar.

Leiðir að markmiðum

Skipulag kennslunnar er í fjórum liðum:

1. Kveikja, þá er athygli nemenda fönguð með stuttum verkefnum, eitthvað sem allir geta lagt eitthvað til málanna, s.s. gátur, hugarreikningur, felumyndir og alls kyns þrautir, upprifjun á áður lærðu.
2. Nýtt efni kynnt, innlögn og samræður milli kennara og nemenda og nemenda og nemenda.
3. Uppbrot/hreyfing
4. Upprifjun, einstaklingsvinna eða samvinna.
5. Samantekt, t.d. með að spyrja hvað nemendur hafi lært, hvaða hugtak var verið að vinna með eða spyrja einhverjar spurningar sem taka á námsefni tímans (útgönguorð).

Við skipulagningu kennslustunda er mikilvægt að fanga athygli barnanna í upphafi tímans og að þau yfirgefi kennslustundina með þá tilfinningu að þeim

hafi tekist og að þau hafi lært eitthvað nýtt. Hugtakanotkun er mikilvæg svo nemendur geti nýtt sér tungumál stærðfræðinnar í umræðum og miðlað þannig hugsun sinni.

Allir nemendur vinna ákveðin grunnverkefni síðan eru einnig aukaverkefni sem hæfa getu hvers og eins. Stærðfræði kemur við sögu í fleiri greinum t.d. útikennslu þar sem nemendur fást við ýmis verkefni s.s. talning, form, speglun og fleira.

Námsgögn

Matematikk 1. klasse, Sproti 1a og 1b nemenda- og æfingahefti. Ítarefni s.s. vinnublöð og sérvalin verkefni. Sætisgildiskubbar, kubbar, sentíkubbar, talnagrindur, rökkubbar, hlekkir, brotabútar, kennslupeningar, form, mælistikur, málbönd, smáhlutir, pinnabretti, vogir o.fl.

Samfélagsfræði

Markmið í samfélagsfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið - Samfélagsgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist þekkingu á eigin líkama og tilfinningum og sú þekking verði undirstaða að skilningi þeirra á að fjölbreytileiki og mismunur er eðlilegur og jákvæður.
- skilji mikilvægi fjölskyldu, vina og skólafélaga og gildi þess að vera hluti af hópi
- efli samkennd og leggja áherslu á að þeir virði hver annan í leik og starfi og geti sett sig í spor annarra jafnaldra
- geti tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningahópi
- geti borið virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sýni umhyggju og sáttfýsi

- skilji mikilvægi reglna í skólanum og þjálfist í að hlýða reglum í leik og starfi
- kynnist skólabyggingunni, skólalóðinni og nánasta umhverfi skólans
- kynnist því að til eru margar þjóðir, mörg tungumál í heiminum og mismunandi trúarbrögð
- efli trúarlegan, siðferðilegan og félagslegan þroska sinn
- kynnist frásögunni af fæðingu Jesú
- þekki tilefni páska
- læri hver þjóðhátíðardagur Íslendinga er, að við eigum þjóðsöng og höfum forseta, Alþingi og ríkisstjórn, viti hvað forsetinn heitir og hvar hann býr
- geti áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði
- geti áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna
- geti tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti

Efnisþættir

Íslensk menning, barnið sjálft, fjölskyldan, skólinn og nánasta umhverfi.

Aðventan, jólin og páskar.

Leiðir að markmiðum

Unnið er með nemendur í hópum þar sem kennari leggur inn efnið og börnin hafa tækifæri til að leggja sitt til málanna og miðla af eigin reynslu.

Farið er í hugtökin sem tengjast viðfangsefninu hverju sinni. Nemendur vinna ýmis verkefni í vinnubók og myndskreyta.

Námsgögn

Ýmis verkefni.

Lífsleikni

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- læri að taka tillit til annarra og að geta sett sig í spor þeirra og skilji afleiðingar orða sinna og gerða
- læri að hlusta á aðra og sýna kurteisi
- átti sig á tilfinningum sínum og annarra

Efnisþættir

Tilfinninga - félagsþroski, einelti, samskipti.

Leiðir að markmiðum

Nemendur læra að sitja bekkjarfundi og fylgja þeim reglum sem þar gilda.

Ákveðin viðfangsefni eru tekin fyrir hverju sinni. Nemendur taka þátt í umræðum og læri að hlusta á hvort annað án þess að trufla. Lífsleikni er stór hluti af lífi okkar í skólanum og öll tækifæri sem upp koma eru nýtt til að taka á þessum þáttum. Mikilvægt er að hafa það í huga að allar námsgreinar skólans fela í sér lífsleikni.

Námsgögn

Tísla litla og eineltishringur Olweusar

Tölvu og upplýsingamennt

Markmið í upplýsinga og tæknimennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – Upplýsinga- og tæknimennt](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Tæknilæsi

Meginmarkmið

Að nemendur

- þekki helstu hluta tölvunnar sem fólk notar í daglegu lífi
- temji sér sjálfstæð vinnubrögð
- geti fylgt þeim reglum sem fylgja tölvunotkun

- noti kennsluforrit tengd námsgreinum
- venjist upplýsingatækni og tölvunotkun sem eðlilegum þætti náms

Efnisþættir

Ýmis kennsluforrit í íslensku, stærðfræði, samfélagsfræði og náttúrufræði.

Leiðir að markmiðum

Nemendur er kennt að nýta tölvu til náms og þekkingarleitar með kennsluforritum. Samþætting við aðrar námsgreinar er höfð að leiðarljósi.

Námsgögn

Spjaldtölvur, kennsluforrit tengd ýmsum námsgreinum, vefurinn mms.is

Náttúrugreinar

Markmið í náttúrugreinum er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið - Náttúrugreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur:

- geti notað einföld hugtök úr náttúruvísindum
- þekki og vinni með hugtökin: hiti, kuldi og frost og geti aflað sér upplýsingar er varðar náttúruna
- geti lýst breytingum á veðurfari og náttúru eftir árstíðum
- þekki eiginleika vatns og nauðsyn þess á líf manna
- geti tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru
- þekki algengustu húsdýrin á Íslandi
- geti útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannslíkamans
- þjálfist í að nota heiti og hugtök yfir sýnilega og ósýnilega líkamshluta
- læri um hollustu matar, m.a. með tilliti til tannverndar
- kynnist öllum flokkum fæðuhringsins
- læri hvað verður um matinn sem við borðum

- geri sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni
- geri sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti
- læri að flokka úrgang

Efnispættir

Árstíðirnar, veður, vatn, hitabreytingar, húsdýr, líkaminn.

Leiðir að markmiðum

Unnið er með nemendur í hópum þar sem kennari leggur inn efnið og börnin hafa tækifæri til að leggja sitt til málanna og miðla af eigin reynslu.

Farið er í hugtökin sem tengjast viðfangsefninu hverju sinni. Nemendur vinna ýmis verkefni í vinnubók og myndskreyta.

Námsgögn

Komdu og skoðaðu umhverfið, Komdu og skoðaðu líkamann, Íslensk húsdýr, Um mig og þig, Svona erum við, Blágræna. Ýmis verkefnablöð.

Markmið í myndmennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla-Almennur hluti 2011-Greinasvið 2013](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í

Meginmarkmið

Að nemendur

- fái tækifæri til að skapa
- kynnist fjölbreyttum efnum, áhöldum og aðferðum

Leiðir

Innlögn með kveikju að verkefnum sem tengjast upplifunum, sögum, umhverfi, náttúru og listaverkum.

Efnispættir:

Eru litafræði, formfræði, myndbygging og listasaga, áhersla eftir aldri nemenda. Teiknun, málun, klipp, þrykk og mótun úr fjölbreyttu efni og áhöldum.

Myndmennt

Markmið í myndmennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – Listgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að rækta námsgleði, skapandi hugsun og verklag, í samræmi við aldur og þroska
- séu skapandi og vinni út frá kveikju
- læri fjölbreyttar aðferðir
- prófi fjölbreytt efni og áhöld
- geti tjáð og lýst eigin reynslu á myndrænan hátt
- geti útskýrt og sýnt verk sín í hópnum

Leiðir

Innlögn með kveikju að verkefnum sem tengjast upplifunum, sögum, umhverfi, náttúru og listaverkum.

Efnisþættir:

Eru litafræði, formfræði, myndbygging og listasaga, áhersla eftir aldri nemenda. Teiknun, málun, klipp, þrykk og mótun úr fjölbreyttu efni og áhöldum.

Textílmennt

Markmið í textílmennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – Verkgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur:

- læri að efla verklag, vinnugleði og frumkvæði.
- læri góða umgengni um stofu efni og áhöld.
- læri einföldustu vinnubrögð með mismunandi efni.
- læri helstu hugtök og heiti textílmenntar.
- læri að þræða nál.
- læri að sauma þræðispor
- læri að ganga frá endum.

Efnisþættir

Nemendur þræða nál og ganga frá endum.

Vefja dúsk og klippa efni.

Leiðir að markmiðum

Innlögn, kenndar þær vinnuaðferðir sem áhersla er lögð á.

Einstaklingskennsla, kennari aðstoðar hvern og einn nemanda þar sem hann er staddur í vinnuferlinu. Verkefni aðlöguð að getu hvers og eins og áhersla lögð t.d. á að nemandi geti sjálfur klippt, þrætt nál og gengið frá endum.

Hóþavinna þegar um samþættingu námsgreina er að ræða og þemadagar standa yfir.

Námsgögn

Kennslugögn og áhöld greinarinnar, bækur, blöð og vinnulýsingar.

Hönnun og smíði

Markmið í hönnun og smíða er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – List- og verkgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að rækta námsgleði, skapandi hugsun og verklag, í samræmi við aldur og þroska

- læri að rækta góð samskipti sem byggjast á samvinnu, tillitssemi og kurteisi, gagnvart samnemendum og starfsfólki skólans
- læri góða umgengni um stofu, efni og áhöld
- læri helstu hugtök og heiti greinarinnar sem eru til áherslu hverju sinni
- læri að festa sverfiklemmu í hefilbekk
- læri um sandpappír og hvernig á að pússa með pússiklossa
- læri munsturgetu
- læri um mismunandi skrúfuteigundir og tilheyrandi skrúfjárn

Efnisþættir

Áhersla lögð á að nemendur kynnist nýju vinnuumhverfi og reglunum sem þar gilda. Nemendur gera merkispjald og lítinn vélmennahaus.

Leiðir að markmiðum

Í upphafi hvers verkefnis fer fram hópinnlögn. Kynnt eru þau efni og verkfæri sem nota þarf til smíðinnar og þáttur nemenda í mismunandi hönnunarútfærslum verkefnisins tilgreindur. Nemendum er kennd rétt beiting verkfæra og umgengni við vélar. Einstakir verkþættir eru útskýrðir með sýnikennslu, ýmist í hóp- eða einstaklingskennslu, eftir því sem hentar hverju sinni. Nemendur meta eigin frammistöðu og annarra í ákveðnum verkþáttum. Í öllum árgöngum er unnið með endurvinnslu efnis. Lögð er áhersla á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð ásamt samvinnu og kurteisi í samskiptum. Auk þess er lögð áhersla á góða umgengni í stofunni, um efni og áhöld og að nemendur gangi sameiginlega frá í stofu í lok hvers tíma.

Námsgögn

Verkfæri smíðastofunnar, skriflegar leiðbeiningar og ýmiskonar efni.

Heimanám

Nemendur gera athuganir á umhverfi sínu og náttúru til að dýpka skilning sinn á inntaki námsgreinarinnar.

Tónmennt

Hæfniviðmið fyrir tónmennt í Aðalnámskrá grunnskóla skiptast í þrjá meginflokka sem eru: Söngur og hljóðfæraleikur, hlustun og greining, og sköpun og skráning.

Hæfniviðmiðin má finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið – List- og verkgreinar](#)

Meginmarkmið 1. bekkjar skólaárið 2025-2026 eru:

Að nemendur

- syngi valin sönglög með réttri tónhæð og takti
- læri og virði umgengisreglur við hljóðfæri kennslustofunnar
- spili einfalda rytma með kroppaklappi og á takthljóðfæri skólastofunnar
- greini hljóð í umhverfi sínu
 - geti notað hljóðgjafa úr nærumhverfi til að skapa hljóðmynd
- greini ólíkar raddir (t.d. barnakór, djúpar raddir, háar raddir)

Efnisþættir

Söngur, markviss hlustun, einfaldur rytmi (kroppaklapp og takthljóðfæri), hreyfing og leikir.

Leiðir að markmiðum

Söngur með og án hreyfinga, tónlistarleikir, Hópvinna og samvinna við flutning og sköpun tónlistar, söng, hreyfingu og hljóðfæraleik. Samsöngur er stór þáttur í tónmenntakennslunni.

Námsgögn

Maximus Músikus, Tónlist og líkaminn, valin verkefni úr safni kennara, ýmis sönglög á íslensku.

Heimanám

Einstaka sinnum getur verið að nemendur séu beðnir um að æfa söngtexta heima.

Dans

Markmið í dansi er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið – List- og verkgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti tjáð með hreyfingum, persónulega upplifun sýna á tónlist
- kunni skil á hægri og vinstri, hæl og tá og fram og aftur
- geti dansað einföld spor í nokkrum dönsum
- taki þátt í hreyfileikjum, gangi í röð, í hring og læri hoppspor
- læri að bjóða upp í dans
- kunni mismunandi dansstöður og hald

Efnispættir

Systkinadans, tvö skref, dvergadans, enskur vals, klappenade, party polki, samba frumspor, línudansar, tiskudansar, dans ársins og ýmsir dansleikir.

Leiðir að markmiðum

Nemendur bæði dansa saman og eiga þá að bjóða upp og einstaklingslega þegar það á við. Farið verður í hina ýmsu dansleiki þar sem nemendur virkja ímyndunarafl sitt og sköpunargleði.

Námsgögn

Ýmis tónlist.

Heimanám

Ekkert sérstakt heimanám en nemendur hvattir til að æfa heima ný spor.

Heimilisfræði

Markmið í heimilisfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið – List- og verkgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- kynnist því að til eru bæði hollar og óhollar fæðutegundir
- kynnist einföldum eldhúsáhöldum og geti notað þau
- læri að lesa myndrænar uppskriftir
- vinni með gleði og jákvæðu hugarfari og geti sýnt tillitssemi

Efnisþættir

Notkun á einföldum mælitækjum, nemendur geti með aðstoð lesið og farið eftir einföldum uppskriftum, hollar matarvenjur, tengsl heilbrigðis og næringar, hreinlæti og örverur, tannvernd, áhaldafræði.

Leiðir að markmiðum:

Í upphafi hvers verkefnis fer fram hópinnlögn. Kynnt eru þau efni og áhöld sem notuð verða við gerð verkefnis. Innlögn er ýmist í formi sýnikennslu eða verkefni útskýrð myndrænt. Nemendur vinna ýmist saman eða einstaklingslega.

Námsgögn:

Gott og gaman, ýmis verkefni af veraldarvef. Hráefni til matargerðar samkvæmt verkefnavali.

Skólaípróttir

Markmið í skólaípróttum er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið - Skólaípróttir](#)

Meginmarkmið skólaíprótta er m.a. að stuðla að alhliða þroska hvers nemanda, efla heilsufar hans og afkastagetu. Markvisst íprótta- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda, heldur hefur það einnig

jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan. Eitt af mikilvægari markmiðum skólaíþróttar er að styrkja sjálfsmynd nemenda, auka sjálfstraust þeirra og áræði. Við markmiðasetninguna er tekið mið af þroskaþáttum nemenda: skyn- og hreyfiþroska, líkams- og fagurþroska, félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska og vitsmunarþroska.

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist stjórn á líkama sínum
- öðlist jákvætt viðhorf til hreyfingar
- öðlist jákvæðari sjálfsmynd
- öðlist meira áræði
- styrki gróf- og fínreyfingar
- öðlist betra þrek og þol
- öðlist færni í samvinnu í leik

Efnisþættir

Alhliða grunnþjálfun ýmsir leikir og æfingar, þrautabrautir, hringþjálfun, knattleikir, áhöld, frjálsar íþróttir, útihlaup og útivera, stöðvaþjálfun, teygjur og slökun.

Leiðir að markmiðum

Fyrstu skólaárin hafa börn yfirleitt mikla hreyfiþörf, gleðjast yfir hverjum leik og eru með rannsóknarhug. Við skipulagningu kennslunnar þarf að koma til móts við þessa þætti. Leikir og markvissar æfingar, sem stuðla að eflingu skynfæra líkamans og styrkja gróf- og fínreyfingar, eru þættir sem skipa eiga stóran sess í íþróttakennslu fyrstu skólaárin. Þá skal einnig tengja áður nefnda þætti við markvissa uppbyggingu á almennri líkamshreysti og þreki. Á fyrstu skólaárunum læra börnin smám saman að öðlast stjórn á líkama sínum og mótast sem heilsteyptir einstaklingar.

Hópinnlögn, sýnikennsla, einstaklingsaðstoð. Fjölbreytt kennsla með mikilli áherslu á leiki, jákvæðan aga og að nemendur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Kennsluefni

Ýmis áhöld smá og stór, skólalóð og íþróttasalur.

Sund

Markmið í sundi er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið - Skólaíþróttir](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti flotið á bringu og baki
- læri bringusundsfótatök
- læri skriðsundsfótatök
- læri skriðsund með froskalöppum
- læri baksund með froskalöppum
- geti kafað eftir hlut á 1 metra dýpi

Leiðir að markmiðum

Lögð áhersla á fjölbreyttar undirbúningsæfingar sem leggja grunninn að hinum hefðbundnu sundaðferðum. Í þessum æfingum er leitast við að ná tökum á að fljóta á bringu og baki, læra öndun og slaka á í vatninu, kafa eftir hlutum á botni laugar, fara í leiki sem efla þessa þætti. Að nemendur læri og æfi sundtökin jafnhliða því sem upp er talið.

Útikennsla

Meginmarkmið

Að nemandi

- noti öll skilningarvit sín, þ.e. að hlusta, horfa, snerta og lykta
- njóti útiveru og hreyfingar
- kynnist nánasta umhverfi sínu og efli vitund og virðingu fyrir því
- læri að vinna með öðrum í leik og starfi
- efli félagsfæri sína

Efnisþættir

Stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, íslenska, samskipti, tónlist og hreyfing, leikir, hópefli, útivist, umhverfisvitund o.fl.

Leiðir að markmiðum

Unnin verða ýmis verkefni sem tengjast námsefninu hverju sinni í samræmi við námsmarkmið Aðalnámskrár grunnskóla. Ýmist er unnið einstaklingslega eða í smáum hópum. Unnið er nánar/ítarlegar með ýmis verkefni síðar í skólanum.

Stoðþjónusta

Stoðþjónusta Breiðagerðisskóla er samheiti yfir stuðningskerfi sem styður við almenna kennslu innan skólans. Hún getur falist í ráðgjöf til kennara varðandi nám og kennslu og/eða annað sem snýr að nemendum. Yfirleitt snúa verkefnin þó að nemendum og varða kennslu og stuðning til lengri eða skemmri tíma og/eða mat á stöðu þeirra.

Skólinn reynir að mæta öllum nemendum og veita þeim nám við hæfi.

Stoðþjónustan er ein af leiðum skólans til koma til móts við þarfir nemenda sem af einhverjum ástæðum þurfa sérstakan stuðning í námi, í langan eða skemmri tíma. Stoðþjónustan getur falist í að gera breytingar á námsmarkmiðum, námsumhverfi, kennsluaðferðum og námsmati miðað við það sem almennt gerist og stundum er kennt samkvæmt markmiðum einstaklingsnámskrár.

Einstaklingsnámskrá er einstaklingsmiðuð kennsluáætlun þar sem fram kemur staða nemenda í námi, ákveðin markmið sem nemandi er ætlað að ná á skólaárinu og aðferðir sem notaðar eru til að meta hvort nemandinn hafi náð

settum markmiðum. Nemendur geta verið með einstaklingsnámskrá í einni eða fleiri námsgreinum.

Stoðþjónustan nær yfir sérkennslu og stuðning, námsráðgjöf og aðra sérfræðiaðstoð. Innan hennar starfa eftirtaldir aðilar:

- **Sérkennarar** eða kennarar sem sjá um sérkennslu ýmist í hópum eða einstaklingsbundið, inn í bekk eða í sérkennslustofu. Þeir aðstoða kennara við aðlögun námsefnis og námsmats þegar þörf er á og í samvinnu við kennara og þroskaþjálfar vinna þeir einstaklingsnámskrár og áætlanir fyrir nemendur.
- **Þroskaþjálfar** vinna yfirleitt með ákveðnum nemendum en styðja einnig við ákveðna nemendahópa til dæmis hvað varðar félagsfærni. Þeir vinna náið með kennurum og sérkennurum við gerð einstaklingsnámskrár og áætlana fyrir nemendur.
- **Stuðningsfulltrúar** vinna undir leiðsögn deildarstjóra, kennara og þroskaþjálfar við að styðja nemendur námslega og félagslega. Þeir vinna mest inn í bekk og bæði með einstaklingum og hópum.
- **Nemendaráðgjafi** stendur vörð um velferð allra nemenda, styður þá og liðsinnir í málum sem snerta nám, skólavist og líðan nemenda. Hann heldur einnig utan um eineltisáætlun skólans.

Að auki á Breiðagerðisskóli, eftir því sem þurfa þykir, samstarf við ýmsa sérfræðinga og stofnanir utan skólans sem koma að málefnum nemenda.

Stoðþjónustan á til að mynda náið samstarf við Norðurmiðstöð þar sem starfa til dæmis talmeinafræðingar, sálfræðingar og fleiri aðilar.

Að síðustu má nefna það innan Breiðagerðisskóla starfar nemendaverndarráð sem fundar að öllu jafna aðra hvora viku. Þar sitja skólastjórnendur, deildarstjóri stoðþjónustu, námsráðgjafi, sálfræðingur frá þjónustumiðstöð og hjúkrunarfræðingur á vegum heilsugæslunnar.

Deildarstjóri stoðþjónustu er Ragna L. Jakobsdóttir

Nemendaráðgjafi skólans er Guðlaug Sigurðardóttir

